



Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúli 24
108 Reykjavík
hrn@hrn.is

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 29. október 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að frumvarpi til laga um geislavarnir (heildarendurskoðun), mál nr. S-196/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) og Félag íslenskra snyrtifræðinga (hér eftir „FÍSF“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um geislavarnir (heildarendurskoðun), mál nr. S-196/2024. Samtökin taka undir að tilefni sé til endurskoðunar laga um geislavarnir nr. 44/2002 en gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsdaganna er lúta að heimild til notkunar á leysum, leysibendum og IPL-tækjum sem og heimildar til geislunar á fólki í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum.

Innan FÍSF eru faglærðir snyrtifræðingar sem leggja sig fram um að tryggja fagmennsku, gæði, öryggi og neytendavernd í störfum sínum. Snyrtifræðingar hafa um árabil boðið upp á meðferðir í fegrunarskyni þar sem notaðir eru leysar, leysibendar og IPL-tæki og hafa fjárfest tíma og fjármunum í menntun, þjálfun og tækjakaup. Um notkun slíkra tækja gildir reglugerð nr. 171/2021 um innflutning og notkun leysa, leysibenda og IPL-tækja sem sett var á grundvelli laga um geislavarnir og tók gildi 3. febrúar 2021. Í frumvarpsdrögunum kemur fram að setja eigi aukin skilyrði um notkun slíkra tækja og veita Geislavörnum ríkisins heimildir til að bregðast við óheimilli notkun þeirra. Vilja SI og FÍSF því koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í 1. málsl. 6. mgr. 8. gr. frumvarpsins er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Notkun öflugra leysa og leysibenda sem og IPL-tækja er háð leyfi frá Geislavörnum ríkisins.“

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir um ákvæðið:

„Í 6. mgr. er nýmæli og er í fyrri málslið lagt til að notkun öflugra leysa og leysibenda sem og IPL-tækja sé háð leyfi frá Geislavörnum ríkisins. Fram til þessa hefur aðeins verið kveðið á um tilkynningarskyldu á slíkum tækjum í reglugerð. Lagaumhverfið hefur verið þannig að innflutningur er ekki háður leyfi. Aftur á móti hafa á liðnum árum komið upp tilfelli þar sem aðilar hafa beitt öflugum leysum, meðal annars í fegrunarskyni og valdið skaða á húð. Eru það meginrökinn fyrir því að styrkja þarf lagastoðina og gera notkun þessara tækja háð leyfi stofnunarinnar. Það hafi sýnt sig að kvöð um tilkynningu samkvæmt reglugerðarákvæði hefur ekki virkað og krafan í reglugerð um þekkingu og menntun þeirra sem nota tækin hefur heldur ekki verið virt. Þess vegna er þörf fyrir að kveða skýrar á um þetta í lögum.“

Kveðið er á um skilyrði fyrir leyfi frá Geislavörnum ríkisins í 9. gr. frumvarpsins og eru 1. - 3. mgr. ákvæðisins svohljóðandi:



„Leyfisveiting skv. 8. gr. er háð skilyrðum sem Geislavarnir ríkisins setja, meðal annars um að sýnt sé fram á að fullnægjandi öryggismat hafi farið fram.

Öryggismat skal vera í samræmi við starfsemina eins og hún er á hverjum tíma og taka mið af áhættunni sem fylgir starfseminni. Við gerð öryggismats skal leita viðeigandi ráðgjafar um geislavarnir hjá sérfræðingi í geislavörnum í samræmi við leiðbeiningar Geislavarna ríkisins.

Geislavörnum ríkisins er heimilt að beita viðurlögum í samræmi við IX. kafla sé starfsemin ekki í samræmi við skilyrði sem stofnunin setur við veitingu leyfis skv. 1. mgr. Breytingar á starfsemi sem hafa áhrif á geislavarnir eru einnig háðar leyfi Geislavarna ríkisins.“

Um 1. mgr. 9. gr. segir í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu:

„Í 1. mgr. er kveðið á um að skilyrði séu fyrir leyfisveitingu Geislavarna ríkisins og er í ákvæðinu tekið fram að sýna þurfi meðal annars fram á að fullnægjandi öryggismat hafi farið fram. Stofnuninni verði þannig heimilt að kveða á um frekari skilyrði en þar kemur fram.“

Í 32. gr. frumvarpsins er kveðið á um geislun á fólk í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Geislun á fólk í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum er háð leyfi frá Geislavörnum ríkisins að uppfylltum skilyrðum sem stofnunin setur.

Við ákvörðun um geislun á fólk í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum skal sérstaklega hugað að réttlætingu og hvort unnt sé að ná markmiði geislunar með tækni sem ekki nýtir jónandi geislun.

Hvern flokk geislunar skv. 2. mgr. skal réttlæta fyrir fram sem og hverja geislun. Geislavarnir ríkisins geti gert kröfu um endurmat réttlætingar í ljósi tækninýjunga eða nýrra upplýsinga um gagnsemi og áhættu vegna geislunarinnar.“

Af framangreindu er ljóst að notkun öflugra leysa, leysibenda og IPL-tækja á að verða háð leyfi frá Geislavörnum ríkisins. Það sama á við um geislun á fólk í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum. Til að fá slíkt leyfi þarf samkvæmt frumvarpsdrögunum að uppfylla skilyrði sem Geislavarnir ríkisins setja. Ekki er ljóst af frumvarpsdrögunum hvort snyrtifræðingar muni geta uppfyllt slík skilyrði enda koma þau hvergi fram í frumvarpsdrögunum að undanskildu skilyrði um að sýnt sé fram á fullnægjandi öryggismat.

Fram að gildistöku reglugerðar nr. 171/2021 var snyrtifræðingum heimil notkun öflugra leysa, leysibenda og IPL-tækja í fegrunarskyni. Líkt og gert var grein fyrir í umsögn SI og FÍSF við áform um frumvarp til laga um geislavarnir telja samtökin skerðingarákvæði reglugerðarinnar skorta lagastoð.

Ákvæði sem fela í sér skerðingu á heimild snyrtifræðinga til notkunar framangreindra tækja felur í sér skerðingu á stjórnarskrárvörðu atvinnufrelsi þeirra sem varið er af 75. gr. stjórnarskrárinnar. Til að unnt sé að skerða atvinnufrelsi manna þarf samkvæmt lagaáskilnaðarreglu atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar sett lög frá Alþingi. Þá þurfa almannahagsmunir að vera fyrir hendi.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 2000:1621 (Stjórnugrísmál) sagði um þetta:

„Ákvæði 72. gr. og 75. gr. vera ekki túlkðuð öðruvísi en svo að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að fela framkvæmdarvaldshöfunum óhefta ákvörðun um þessi efni. Löggjöfin verður að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin er nauðsynleg.“



Geislavarnir ríkisins er opinber stofnun sem hefur hvorki vald til að setja sett lög né stjórnvaldsfyrirmæli. Skilyrði sett af stofnuninni, sem takmarka eiga stjórnarskrárvarin réttindi, hafa því enga þýðingu. Kveða þarf á um skilyrðin í settum lögum frá Alþingi.

Þá er ljóst að frumvarpið bætir ekki úr skorti á lagastoð skerðingarákvæðis 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 171/2021. Í drögum að reglugerðinni sem birt voru til samráðs 29. maí 2020 var kveðið á um heimild til handa snyrtifræðingum til notkunar IPL-tækja. Við gildistöku reglugerðarinnar hafði framangreindu ákvæði hins vegar verið breytt á þann hátt að 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar hafði verið fjarlægður og læknum með sérmenntun því einum heimilt að nota umrædd tæki í fegrunarskyni. Ákvæðið fól því í sér skerðingu á stjórnarskrárvörðu atvinnufrelsi snyrtifræðinga og skortir því lagastoð. Vísast um þetta til umsagnar SI og FÍSF við áform um frumvarp til laga um geislavarnir dagsett 19. september sl.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpsdrögum kemur fram að á liðnum árum hafi komið upp tilfelli þar sem aðilar hafi beitt öflugum leysum og valdið skaða á húð sem séu meginrök þess að styrkja þurfi lagastoðina og gera notkun slíkra tækja háð leyfi Geislavarna ríkisins. SI og FÍSF taka undir mikilvægi þess að aðilar sem ekki hafa viðunandi menntun hafi ekki heimild til innflutnings og notkunar öflugra leysa, leysibenda og IPL-tækja enda geta notkun slíkra tækja valdið skaða á húð neytenda. SI og FÍSF hafa hins vegar ekki upplýsingar um að slík tilvik megi rekja til notkunar snyrtifræðinga sem er lögverndað starfsheiti samkvæmt lögum um handiðnað nr. 42/1978 og krefst 4 ára menntunar. Því krefjast almannahagsmunir ekki slíkrar skerðingar á réttindum snyrtifræðinga, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Samtökin og FÍSF eru reiðubúin til að funda um málið.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltadóttir
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði